



Lítillega dregur úr vöruskiptahalla

Alls nam vöruútflutningur frá landinu 287 ma.kr. á fyrri hluta ársins en til samanburðar nam hann 244 ma.kr. á sama tíma fyrir ári síðan. Aukningin nemur 43 ma.kr. eða um 18%. Innflutningur nam 370 ma.kr. og jókst um 40 ma.kr. eða um 12,1%. Halli á vöruskiptum gagnvart útlöndum það sem af er ári er því 83 ma.kr. Það er ívið lægri upphæð en á sama tíma í fyrra þegar vöruskiptahallinn mældist 86 ma.kr.

Vöruskiptahallinn er engu að síður töluvert mikill sé hann settur í samhengi við þróun síðustu ára en þetta er næstmesti halli á vöruskiptum á þessari öld. Þess ber þó að hafa í huga vöruskiptajöfnuður er einungis einn liður í greiðslujöfnuði við útlönd. Á móti hallanum á vöruskiptajöfnuði kemur nokkuð myndarlegur afgangur af bæði þjónustujöfnuði og fjármagnsjöfnuði.


Meira útflutningsverðmæti sjávarafurða og áls

Aukinn vöruútflutningur má fyrst og fremst skýra með auknu útflutningsverðmæti annars vegar sjávarafurða og hins vegar áls. Aukið útflutningsverðmæti verður þó einnig skýrt almennt séð með veikari krónu en meðalgengi krónunnar reyndist vera 1,7% hærra á fyrri hluta ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Útflutningsverðmæti sjávarafurða nam 115,3 ma.kr. á fyrri hluta ársins og jókst um 22,4 ma.kr. milli ára. Aukinn útflutningur sjávarafurða má skýra að miklu leyti með auknu útflutningsverðmæti þorsks. Það verður aftur skýrt að mestu leyti með auknu magni útflutnings vegna meiri veiða en veiðar á fyrri hluta síðasta árs liðu að miklu leyti fyrir sjómannaverkfall sem stóð yfir fyrstu tvo mánuði ársins. Alls jókst útflutningsverðmæti þorsks um 10,7 ma.kr. eða um tæplega 20%. Útflutningur að magni til jókst um 15,9%. Útflutningsverðmæti ýsu, loðnu, grálúðu og krafa jókst á bilinu 1,3 til 1,6 ma.kr. en mest var aukningin í karfa.

Meira útflutningsverðmæti áls skýrist að miklu leyti af hagstæðri verðþróun á heimsmarkaði


Alls nam útflutningsverðmæti áls 111 ma.kr. á fyrri hluta ársins og jókst það um 12,7 ma.kr. eða 12,9%

Ma.kr. Afgangur á vöruskiptum



M.v. fyrstu 6 mánuði hvers árs
Heimild: Hagstofa Íslands

Helstu breytingar í útflutningsverðmæti



Breyting milli H1 2017 og 2018
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



milli ára. Sú aukning skýrist einungis af hækkun á heimsmarkaðsverði áls sem hækkaði um 17,2% mælt í Bandaríkjadal milli fyrra hluta þessa árs og sama tímabils í fyrra. Meðalgengi Bandaríkjadals gagnvart krónu lækkaði um 5,6% á fyrra hluta ársins borið saman við sama tímabil í fyrra. Útflutningur áls í tonnum talið dróst síðan saman um 0,1% milli tímabila. Ekki liggja fyrir tölur um framleiðslu áls á fyrri hluta ársins en á fyrstu fimm mánuðum ársins dróst framleitt magn saman um 0,8% borið saman við sama tímabil árið áður.



Hærra olíuverð skýrir að hluta til auknið innflutningsverðmæti

Vöruinnflutningur jókst um 40 ma.kr. eða 12,1% milli fyrra hluta þessa árs og sama tímabils í fyrra. Stóran hluta af þeirri aukningu má skýra með auknum innflutningi á olíutengdum afurðum en innflutningur á eldsneyti og smurolíu jókst um 16,1 ma.kr. milli ára. Meira innflutningsverðmæti milli ára skýrist að miklu leyti af hækkun á heimsmarkaðsverði olíu. Meðalverðið á fatinu voru 70,7 Bandaríkjadalir á fyrri hluta ársins borið saman við 51,6 Bandaríkjadalir á sama tímabili í fyrra og nemur hækkunin 37,2% milli ára.

Mest jókst innflutningsverðmæti þotueldsneytis. Aukningin nam 11,8 ma.kr. eða rúmlega 73% en aukningin í tonnum talið var 38,4%. Aukning í innflutningur gasolíu og brennsluolíu nam á bilinu 13-20% að magni til.

Aukinn innflutningur flugvéla en minni innflutningur skipa

Innflutningur flugvéla nam 13,2 ma.kr. á fyrri hluta ársins en hann var hverfandi lítill á sama tíma í fyrra. Stóran hluta aukningar innflutnings milli ára má því rekja til aukins flugvélainnflutnings. Á þessu móti vó að innflutningur skipa fór úr 13,6 ma.kr. í fyrra og í 3,5 ma.kr. á þessu ári og dróst því saman um 10,1 ma.kr.





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.